Mánudaginn 18. nóvember 1996.

Nr. 411/1996. **Fataframleiðendur ehf.**
(sjálfur)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(enginn)

Kærumál. Hæfi. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. nóvember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 8. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. október 1996, þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um, að Sigurjóna Símonardóttir dómarafulltrúi víki sæti við meðferð kröfu varnaraðila um, að bú sóknaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili kveðst krefjast þess, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, og jafnframt, að fyrrgreindum dómarafulltrúa verði gert að víkja sæti í málinu. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með hinum kærða úrskurði var kveðið á um það eitt, hvort héraðsdómari viki sæti í málinu. Krafa sóknaraðila um frávísun málsins hefur því ekki komið til úrlausnar héraðsdóms, og verður hún ekki höfð uppi fyrir Hæstarétti. Þeirri kröfu sóknaraðila verður því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. október 1996.

Í þinghaldi fyrr í dag var þess krafist af fyrirsvarsmanni skuldara, Fataframleiðenda ehf., að dómari málsins viki sæti. Er úrskurður þessi kveðinn upp í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 91/1991.

Krafa fyrirsvarsmanns skuldara er studd þeim rökum, að dómari hafi ekki gætt reglna 2. mgr. 67. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. og skuli því víkja sæti. Verða mótmæli fyrirsvarsmannsins skilin svo, að ekki hafi verið heimilt að taka fyrir beiðni um gjaldþrotaskipti á búi félagsins, þar sem ekki hafi legið fyrir trygging fyrir skiptakostnaði.

Af hálfu skiptabeiðanda var lýst yfir því, að hann teldi ekki ástæðu til, að dómari viki sæti, með þeim athugasemdum, að ekkert væri fram komið í málinu, sem styddi þá kröfu.

Samkvæmt 2. mgr. 67. gr. gjaldþrotalaga krefur dómari skiptabeiðanda um tryggingu fyrir skiptakostnaði, áður en krafan er tekin fyrir, ef gögn taka ekki af tvímæli um, að eignir skuldarans muni nægja fyrir greiðslu skiptakostnaðar. Í máli þessu gerði dómari kröfu um, að skiptabeiðandi legði fram tryggingu, að fjárhæð 150.000 kr. Skiptabeiðandi féllst á að greiða umkrafða tryggingu. Var krafan því tekin fyrir, enda mat dómari, að fullnægt væri skilyrðum 2. mgr. 67. gr. gjaldþrotalaga um tryggingu fyrir skiptakostnaði.

Ekki verður séð, að sú ákvörðun dómara að taka fyrir beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík um gjaldþrotaskipti á búi Fataframleiðenda ehf. leiði til vanhæfis dómara samkvæmt 5. gr. laga nr. 91/1991, svo að honum beri að víkja sæti, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 91/1991.

Með vísan til þessa verður að synja kröfu um, að dómarinn víki sæti í máli þessu.

Úrskurðarorð:

Synjað er kröfu um, að dómarinn víki sæti í málinu.